

Fundur 24.3.2025 Kínversk kona Shen Rong, (fædd 1936 og dó 4. febrúar 2024).

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

Já góða kvöldið.

Heilsa ég ykkur úr stjórnusambandsstöð og vona ég að vel gangi í tengslunum þjóðanna á milli og er það mikilvægt að vel takist og eru það ekki nógu margir af minni þjóð sem sinna þessu máli.

En stórkostleg er orkan hjá okkur og hef ég sinnt þessu starfi síðan ég kom á þennan hnött og vildi ég gjarnan lýsa því hvernig allt er hér frábrugðið því sem ég þekkti, en þó líkt að sumu leiti.

Og tengsl mín við Vesturlönd mikilvæg og hvernig það er að mörgu leiti fjarlægt okkar trú að koma fram á jarðstjörnu.

En ævinlega eru það nokkrir sem gefa sig að slíku og skilja að það er vísindaleg viðleitni og þessi nýi veruleiki sem við okkur blasir.

Upplifði ég breytingar frá bændasamfélagi yfir í iðnvætt samfélag og vorum við í samkeppni við ykkar Vesturlönd, og var það ekki fyrr en á seinni hluta ævi minnar sem minna fór að bera á milli og kapitalista þjóðfélag hafði áhrif í mínu heimalandi.

Og voru það fjölmargar bækurnar sem ég hafði vitneskju um, en ekki auðvelt að nálgast þær fyrstu árin, en aldrei frétti ég af þessum kenningum og varð því að uppgötva þetta allt upp á nýtt, á fyrsta framlífs hnetti mínum sem er hér.

Hef ég frétt af því að fjölmargir af þeim sem lengra eru komnir og á framlífs jörðum eru og fóru frá jörðinni fyrir margt löngu, séu saman komnir á samstilltum jörðum þar sem líforkan er meiri og vitneskjan.

Og fræðileg þekking á öllum sviðum, og má af þeim skilja hvað er mögulegt þegar kærleikur og samstilling er komin á hátt sig og náttúrulögmálin yfirunnin og fólk farið að svífa og annað slíkt.

Og hefur það vakið mikinn áhuga minn, skrifaði ég nokkrar bækur í heimalandi mínu og hafði ég áhuga á vestrænu samfélagi og hefur það verið mjög áhugavert að sækja þessa sambandsfundi og fréttu um þróun þjóðfélagana í átt að meiri fullkomnun og friði, og margir þeirra í samstarfi við TokkAría þá sem byggðu margar af þessum stjórnusambandsstöðvum í fyrndinni.

Og sem við höfum náin samskipti við, og hafa af því sprottið einstaklingar og þjóðir sem bera svipmót beggja okkar og ykkar.

Kínversk kona Shen Rong, (fædd 1936 og dó 4. febrúar 2024).

Vertu velkomin.

Já takk fyrir, yfirgaf ég jörðina fyrir um það bil ári, og er hér komin á framlífs jörð og er hér hluti af vaxandi hópi sem hefur áhuga á þessum framlífs málum og væri það áhugavert að segja frá hversu mjög samfélag þetta er frábrugðið því sem ég átti að venjast á jörðinni, en enn þá er verið að deila um munin á kapitalisma og komúnisma.

En höfum við fregnir af því að á hærri framlífs jörðum sé slíkt látið niður falla.

Já rithöfundur Shen Rong.

Ætla ég nú að kveðja að sinni og þakka ég fyrir gott hljóð, verið þið sæl.

Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.